

C.6 Skilmálar um flutningstakmarkanir

Útgáfa 3.0 gefin út xx.xx.2025

1. Inngangur

- 1.1 Skilmálar þessir eru settir á grundvelli raforkulaga nr. 65/2003 með síðari breytingum, og eftir því sem við á reglugerðum, nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu, nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga m.s.br., nr. 1150/2019 um raforkuviðskipti og mælingar m.s.br. og nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi m.s.br.
- 1.2 Skilmálar þessir hafa verið staðfestir af Raforkueftirlitinu, sbr. 6 mgr. 9. gr. raforkulaga.

2. Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda fyrir skilmála þessa:

- 2.1 *Bilun* er það ástand þegar eining í raforkukerfi fer úr rekstri eða hefur takmarkaða getu til að sinna hlutverki sínu.
- 2.2 *Flutningskerfi* er kerfi eins og það er skilgreint í raforkulögum nr. 65/2003, með síðari breytingum.
- 2.3 *Flutningsuppboð* nefnist það þegar laus flutningsgeta um varanlegar flutningstakmarkanir er boðin upp fyrir ákveðið tímabil (t.d. ár, mánuð, viku, klukkustund).
- 2.4 *Flutningstakmarkanir* (kerfisöngur) eru þær aðstæður þegar flutningsgeta flutningsvirkis eða hluta flutningskerfis er ófullnægjandi, þannig að takmarka þurfi orkuflutning.
- 2.5 *Niðurreglun* á við um þörf fyrir neikvætt reglunar afl, þ.e. það afl sem taka þarf út af kerfinu þegar raunnotkun er minni en áætluð notkun í raforkukerfinu í heild. Einnig á niðurreglun við um það þegar notkun er aukin í sama tilgangi.
- 2.6 *Skerðanlegur flutningur* á við raforkunotkun sem Landsneti er heimilt að láta skerða vegna þeirra tilvika sem tilgreind eru í gr. 5.1. Skerðingar og skömmtun skv. 9. mgr. 9 gr. raforkulaga eru hér undanþegnar.
- 2.7 *Reglunar afl* er það afl sem Landsnet útvegar til að jafna frávik milli áætlaðrar aflnotkunar og raunverulegrar aflnotkunar í raforkukerfinu í heild, eða til að leysa flutningstakmarkanir.
- 2.8 *Reglunaraflsmarkaður* er markaður þar sem jöfnunarábyrgðaraðilar geta gert tilboð í uppreglun og niðurreglun.
- 2.9 *Reglunaraflstrygging* nefnist það þegar Landsnet gerir samning við vinnslufyrirtæki um að það bjóði yfir ákveðin tímabil tiltekið lágmark reglunarafls innan tilgreindra afl- og verðmarka á reglunaraflsmarkaðnum. Reglunaraflstrygging tryggir lágmarks framboð á reglunaraflsmarkaði.
- 2.10 *Tímabundnar flutningstakmarkanir* eru flutningstakmarkanir sem hafa ekki verið skilgreindar sem varanlegar flutningstakmarkanir og eru ekki afleiðing rekstrartruflana.
- 2.11 *Rekstrartruflun* er sjálfvirk útleysing, handvirkt rof sem ekki er áætlað eða misheppnuð innsetning eftir bilun í raforkukerfinu.
- 2.12 *Uppreglun* á við þörf fyrir jákvætt reglunar afl, þ.e. það afl sem þarf að bæta inn á kerfið þegar raunnotkun er meiri en áætluð notkun í raforkukerfinu í heild. Einnig á uppreglun við um það þegar notkun er lækkuð í sama tilgangi.
- 2.13 *Varaafl* á við aflgetu tiltæktrar virkjunar, sem ekki er fösuð við raforkukerfið, en hægt er að ræsa, fasa við kerfið og nýta að fullu innan ákveðinna tímamarka eftir að beiðni er send.
- 2.14 *Varanlegar flutningstakmarkanir* eru flutningstakmarkanir sem eru viðvarandi a.m.k. 1000 klukkustundir á ári á ákveðnum stað af kerfislegum ástæðum og eru ekki afleiðing rekstrartruflana.
- 2.15 *Vinnsluáætlun* vinnslufyrirtækis skal innihalda tölulegar upplýsingar um fyrirhugaða framleiðslu þeirra virkjana þess sem hafa 7 MW aflgetu eða meira. Vinnsluáætlun er gerð fyrir einn dag í senn, klukkustund fyrir klukkustund.
- 2.16 *Vinnslufyrirtæki* er fyrirtæki sem stundar vinnslu á raforku eða hefur fengið virkjunarleyfi.

3. Almennt

- 3.1 Landsnet sinnir lögboðinni skyldu sinni að tryggja öruggan rekstur og stöðugleika flutningskerfis meðal annars með því að setja reglur um kerfisstjórnun, sbr. 6. gr. reglugerðar, nr. 513/2003 um kerfisstjórnun í raforkukerfinu. Landsnet skal m.a. ábyrgjast að flutningstakmarkanir, til lengri eða skemmri tíma, séu leystar á sanngjarnan hátt fyrir þá aðila sem eiga hlut að máli, sbr. m.a. 4. og 5. gr. sömu reglugerðar.

4. Varanlegar flutningstakmarkanir

- 4.1 Landsneti er heimilt að setja á varanlegar flutningstakmarkanir með að lágmarki 1 mánaðar fyrirvara og aflétta þeim með ekki minna en 2ja daga fyrirvara. Tilkynningar þar að lútandi skulu birtar á vef Landsnets.
- 4.2 Landsnet beitir flutningsuppboði við úthlutun lausrar flutningsgetu um varanlegar flutningstakmarkanir.

5. Tímabundnar flutningstakmarkanir

- 5.1 5.1 Landsneti er heimilt að setja á tímabundnar flutningstakmarkanir án fyrirvara og sömuleiðis aflétta þeim án fyrirvara. Tilkynningar þar að lútandi skulu birtar á vef Landsnets. Ef mögulegt er skal Landsnet tilkynna um tímabundnar flutningstakmarkanir með fyrirvara.
- 5.2 5.2 Viðbrögð vegna tímabundinna flutningstakmarkana sem stafa af viðhaldsaðgerðum eru háð samkomulagi viðkomandi hagsmunaaðila hverju sinni. Landsnet ber ekki kostnað vegna tapaðrar framleiðslu vinnslufyrirtækis á meðan á skipulögðu viðhaldi stendur.
- 5.3 5.3 Landsnet ákvarðar hverju sinni út frá öryggi flutningskerfisins hvort tímabundnar flutningstakmarkanir að ósk annarra en Landsnets, sem eru ekki á grundvelli 5.2. gr., séu heimilar. Við slíka leyfisveitingu skal taka mið að því að flutningstakmörkunin valdi viðskiptavinum Landsnets sem minnstum óþægindum. Kostnaður vegna tímabundinna flutningstakmarkana á grundvelli þessa ákvæðis skal greiddast af þeim sem óskar eftir takmörkuninni.
- 5.4 Úrræði Landsnets vegna tímabundinna flutningstakmarkana, annarra en greint er frá í 5.2. og 5.3. gr. eru eftirfarandi:
- 5.4.1 Í þeim hluta flutningskerfisins, þar sem flutningstakmarkanir valda því að áætluð framleiðsla er of mikil, beitir Landsnet niðurreglun á reglunaraflsmarkaði. Þjóðandi niðurreglunar greiðir Landsneti fyrir tilboðið og hefur það ekki áhrif á jöfnunarorkuverð.
- 5.4.2 Í þeim hluta flutningskerfisins, þar sem flutningstakmarkanir valda því að áætluð framleiðsla er of lítil, beitir Landsnet eftirfarandi úrræðum, eftir því sem aðstæður leyfa, og í þessari röð:
- (1) Endurskoðun vinnsluáætlana vegna tímabundinna flutningstakmarkana, sbr. 5.5. gr.
 - (2) Skerðing á skerðanlegum flutningi í samræmi við reglur Landsnets þar að lútandi.
 - (3) Nýting skerðingarheimilda hjá stórnotendum, sbr. 5.6. gr.
 - (4) Uppreglun á reglunaraflsmarkaði, sbr. 5.7. gr.
 - (5) Nýting varaafis, sbr. 5.8. gr.
- 5.5 Landsnet hefur heimild til að senda vinnslufyrirtæki beiðni þess efnis að það endurskoði vinnsluáætlanir sínar til að minnka eða koma í veg fyrir tímabundnar flutningstakmarkanir. Í beiðni Landsnets skal tekið fram hversu mikla framleiðslu vinnslufyrirtækið skuli færa yfir flutningstakmarkanirnar. Beiðnin byggist á hlutfalli uppsetts afis viðkomandi vinnslufyrirtækis á því svæði, þar sem framleiðsla er of mikil, miðað við allt uppsett afl á sama svæði.
- 5.6 Landsnet nýtir sér samningsbundnar skerðingarheimildir hjá stórnotendum til að minnka eða koma í veg fyrir tímabundnar flutningstakmarkanir. Sé þess kostur gefur Landsnet viðkomandi hagsmunaaðilum tækifæri til að endurskipuleggja viðskipti sín áður en til skerðinga kemur.

- 5.7 Landsnet nýtir uppreglun á reglunaraflsmarkaði vegna tímabundinna flutningstakmarkana sem vara allt að 24 klst. samfleytt vegna hvers tilviks. Ef fyrirsjáanlegt er að tímabundin takmörkun standi lengur en 24 klst. skal Landsnet upplýsa hagsmunaaðila svo fljótt sem auðið er, og með minnst 12 klst. fyrirvara. Ef tímabundnar flutningstakmarkanir standa lengur en 24 klst. skulu viðkomandi hagsmunaaðilar hafa endurskipulagt viðskipti sín, þ.a. mögulegt sé að hætta uppreglun í þessum tilgangi. Reglunarafl sem nýtt er í þessum tilgangi greiðist af Landsneti og hefur ekki áhrif á jöfnunarorkuverð.
- 5.8 Landsnet nýtir varaafli í samræmi við skilmála um öflun og uppgjör vegna varaafli (nr. C.3) vegna tímabundinna flutningstakmarkana sem vara allt að 24 klst. samfleytt vegna hvers tilviks. Ef fyrirsjáanlegt er að tímabundin takmörkun standi lengur en 24 klst. skal Landsnet upplýsa hagsmunaaðila svo fljótt sem auðið er, og með minnst 12 klst. fyrirvara. Ef tímabundnar flutningstakmarkanir standa lengur en 24 klst. skulu viðkomandi hagsmunaaðilar hafa endurskipulagt viðskipti sín, þ.a. mögulegt sé að hætta notkun varaafli í þessum tilgangi.

6. Ábyrgð og óviðráðanleg öfl

- 6.1 Ákvæði skilmála A1 um flutning rafmagns og kerfisstjórnun varðandi ábyrgð skulu einnig eiga við um skilmála þessa.
- 6.2 Ákvæði skilmála A1 um flutning rafmagns og kerfisstjórnunar varðandi "force majeure" skulu einnig gilda um skilmála þessa.

7. Brot á skilmálum

- 7.1 Brjóti aðili skyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum, tilheyrandi reglugerðum, lögum og/eða fyrirliggjandisamning, er um vanefnd að ræða. Um vanefndir og riftun fer samkvæmt almennum reglum. Er Landsneti heimilt að óska eftir því að Raforkueftirlitið aðhafist á grundvelli raforkulaga.

8. Eftirlit og úrræði

- 8.1 Umhverfis- og orkustofnun og Raforkueftirlitið hafa eftirlit með því að fyrirtæki starfi samkvæmt raforkulögum, nr. 65/2003 og fullnægi þeim skilyrðum sem um starfsemina gilda samkvæmt lögum, reglugerðum og skilmálum þessum.
- 8.2 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða skilmála Landsnets skulu aðilar leitast við að leysa þann ágreining.
- 8.3 Komi upp ágreiningur um framkvæmd eða túlkun ákvæða þessara skilmála skal í þeim tilvikum þar sem Umhverfis- og orkustofnun eða Raforkueftirlitið hafa úrskurðarvald á grundvelli raforkulaga leita úrlausnar þeirra og úrskurðarnefndar raforkumála þar sem það á við. Úrskurði úrskurðarnefndar má vísa til dómstóla skv. 30. gr. raforkulaga.
- 8.4 Verði ágreiningi ekki skotið til Umhverfis- og orkustofnunar eða Raforkueftirlitsins má vísa málinu til úrlausnar Héraðsdóms Reykjavíkur.

9. Tilvísanir og viðaukar

- A.1 Almennir skilmálar um flutning rafmagns og kerfisstjórnun.